

lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fara fram á virkum dögum kl. 77  
8.00—23.30 og á helgidögum frá kl. 9.00—12.00 og kl. 16.00—23.30. Þó skal lokað 16. júní  
föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag og nýárs-  
dag, samkvæmt því sem segir í 4. gr.

Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari  
grein og getur bundið hann öllum þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynlegt, m. a.  
greiðslu árlegs gjalds til sveitarsjóðs fyrir hvert leyfi, og má innheimta það með  
lög taki.

#### 6. gr.

Fólk, sem komið er inn í sölubúð eða sölustað fyrir lokunartíma, er heimilt að  
afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli og aðrar nauðsynjavörur til skipa, sem eru að leggja úr höfn, er heimilt  
að afgreiða eftir lokunartíma. Heimild þessi nær til allra tíma sólarhringsins, svo  
og helgidaga, yfir sildarvertiðina.

#### 7. gr.

Lyfjasala er undanþegin reglugerð þessari.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn er enn fremur heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undan-  
þágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góð-  
gerðaskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða félgassamtök, er vinna að menningar-  
málum og líknar- og mannúðarmálum.

#### 9. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, samkv. lögum  
nr. 17 1. febrúar 1946, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með  
og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt  
þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af  
brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1958.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

## REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða á Akranesi og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

#### 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akranesi skal á hverjum  
tíma miðuð við íbúatölu Akraness, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 200  
íbúa, sem lögheimili eiga á Akranesi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita  
atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi  
fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau  
samkvæmt framanskráðu.

78

25. júní

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 1. janúar 1958 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akranesi, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bifreiðastjórufélagsins Ekils, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

## 3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð á Akranesi, nema hann hafi öðlazzt atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri á Akranesi. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthluta fleirum en einu atvinnuleyfi, nema Þórði Þ. Þórðarsyni. Skal hann fá fjögur atvinnuleyfi af þeirri tölu leigubifreiða, sem ákveðin eru með reglugerð þessari. Er honum óheimilt að nota þau atvinnuleyfi, sem gefin eru út á hans nafn, fyrir aðrar bifreiðar en þær, sem eru hans eign.

Sem atvinnurekandi skal Þórður Þ. Þórðarson ekki skyldur að gerast félagi í Bifreiðastjórufélaginu Ekli, og skal honum heimilt að ráða bifreiðarstjóra á leigubifreiðar sínar, þótt þeir hafi eigi atvinnuleyfi önnur en þau, er Þórður Þ. Þórðarson hefur fyrir bifreiðum þessum.

## 4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð á Akranesi, hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.

## 5. gr.

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um á þar til gerðu eyðublaði til Bifreiðastjórufélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð á Akranesi um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfin skulu gefin út af tveimur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórufélagsins Ekils, en hinn af ráðherra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar í kaupstöðum og reglugerðar þessarar sé fylgt.

Stjórn Bifreiðastjórufélagsins Ekils skal senda úthlutunarmönnum til afgreiðslu umsóknir um atvinnuleyfi og annað, sem fyrir þá ber að leggja, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt rökstuddum tillögum.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðarstjóra við akstur leigubifreiðar til mannflutninga lagður til grundvallar þannig, að sá, sem lengstan hefur starfsaldur sem bifreiðarstjóri við mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða.

## 6. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð á Akranesi, er hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Akraness.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu, fyrr en viðkomandi bifreiðarstjóri hefur lagt fram atvinnuleyfi sitt. Leyfið skal vera í vörzlu stöðvarinnar, á meðan leyfishafi hefur þar afgreiðslu.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, skal hann þá afhenda þeirri bifreiðastöð, er hann ekur hjá, yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Síðan skal sú bifreiðastöð, sem leyfishafi flytur frá, tilkynna Bifreiðastjórafélaginu Ekli flutninginn innan 4 daga.

Bifreiðastöð er óheimilt að halda atvinnuleyfi leyfishafa, ef hann flytur sig löglega til afgreiðslu á aðra bifreiðastöð.

#### 7. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt, nema til Bifreiðastjórafélagsins Ekils, sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi, sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu, eða notað það á annan hátt löglega, getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði. Ef sérstaklega stendur á, geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest, enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr., og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín, ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur, án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Ekils, en hún ber málið undir úthlutunarmenn, sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

#### 8. gr.

Ef leyfishafa er sagt upp afgreiðslu af gildum ástæðum, skal viðkomandi bifreiðastöð afhenda atvinnuleyfi hans formanni Bifreiðastjórafélagsins Ekils samdægurs, eða næsta virkan dag. Skal leyfið vera í vörzlum félagsins meðan leyfishafi er að útvega sér afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð.

Takist leyfishafa ekki að fá afgreiðslu hjá annarri bifreiðastöð innan 30 daga, hefur hann fyrirgert rétti sínum til leyfisins og fellur það þá til úthlutunar að nýju, nema úthlutunarmenn ákveði annað.

#### 9. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp fyrir fullt og allt. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt og bifreiðastöð sú, sem hann hafði afgreiðslu hjá, síðan afhenda atvinnuleyfið formanni Bifreiðastjórafélagsins Ekils samdægurs eða næsta virkan dag. Síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari.

Á sama hátt skal skila til Bifreiðastjórafélagsins Ekils atvinnuleyfi, sem losnar af öðrum orsökum en um getur í 1. mgr., svo sem við andlát leyfishafa, eða ef hann fyrirgerir rétti sínum til leyfisins.

#### 10. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann, sem hefur atvinnuleyfi, aka fyrir sig nema í eftirtöldum tilfellum, að fenginni undanþágu samkvæmt 11. gr.:

- a. Ef leyfishafi er veikur.
- b. Ef leyfishafi er að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Ekils, bifreiðastöðva þeirra, er reglugerð þessi nær til, eða þeirra stofnana verkalýðssamtakanna, sem Bifreiðastjórafélagið Ekill á aðild að.
- c. Ef leyfishafi deyr, heldur ekkja hans atvinnuleyfinu, ef hún æskir þess.

78

25. júní

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkv. 10. gr., skal hann sækja um það skriflega til Bifreiðastjórafélagsins Ekils. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Bifreiðastjórafélaginu Ekli er þá heimilt að veita undanþágu, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðarstjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið Ekill skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

12. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir þær bifreiðar, sem þar hafa afgreiðslu. Skal skrá þessi fest upp, þar sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

13. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 100—10 000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum ákvæðum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, sbr. l. nr. 29 14. maí 1958, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1958.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

79

28. júní

## AUGLÝSING

um breyting á lyfjaverði, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957.

Frá og með 1. júlí 1958 hækkar verð sérlyfja, eins og það er ákveðið í Lyfsöluskrá II frá 1. júlí 1957, sbr. auglýsingu nr. 107 29. júní 1957, um 15%.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 28. júní 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Baldur Möller.*